

ÍSLENSKT LJÓS YFIR EGYPTSKA GÁTU

I

Mér hefir þótt vænt um að fréttta að íslenska þýðingin á riti Adams Rutherfords um pýramídann mikla, seljist vel. Það hefði verið leitt til þess að vita, ef áhugi hins ágæta Íslandsvinar á því, að einnig sá vitanlega yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar, sem ekki les ensku, ætti kost á að kynnast hinu mikla verki hans, hefði einungis orðið til að baka honum kostnað. Og Adam Rutherford getur vissulega, öðrum fremur, vænst þess að mæta drengskap og ræktarssemi af Íslendinga hálfu. Enginn útlendingur sem um þjóð voru hefir ritað, hefir gert sér líkt því eins háar hugmyndir um þjóðina og Rutherford, eða spáð eins glæsilega fyrir framtíð hennar, þar sem hann kemst jafnvel svo langt að segja, að héðan frá Íslandi og þá sérstaklega frá Reykjavík, muni það ljós skína, er öllu mannkyni sé nauðsynlegt til velfarnaðar, og að land vort eigi, öllum öðrum fremur, að verða kallað landið helga. Er þetta því merkilegra sem það má heita í augum uppi á þessum örlagatímum smáþjóðanna, eins og aldrei áður, að íslenska þjóðin á hvorki langa framtíð fyrir höndum né góða, ef ekki kemur hér fram eitt-hvað það, sem öllu mannkyni miði til blessunar, og að vísu leiði til þess, að land vort verði umfram önnur, kallað landið helga.

Það er ekki ætlun míni að ræða þetta mál frekar að sinni, heldur vekja athygli á því, hvernig frá íslensku fornriti ber nokkra birtu yfir forna gátu, sem ekki hefir verið ráðin. En það er hvernig þeir sem pýramídann mikla reistu, fóru að ráða við jötunbjörg þau sem furðuvarði þessi, er heita má mikill sem fjall, er gerður af.

II

Frá því segir í Heimskringlu, kap. 178—9, er Ólafur konungur helgi kom þar á flóttu sínum úr Noregi, er Sefsurð hét. Er henni svo lýst, að þar hafi verið „hvárki fært mönnum né hrossum.“ Konungur hafði margt manna með sér, 480 síns eigin liðs, en 120 bænda þar úr dalnum, og bað menn nú reyna, „ef þeir mætti koma vögnum yfir urðina.“ Var svo gert, og voru menn við þetta allan daginn, frá morgni til kvölds, en konungur sat heima í landtjaldi. „En at kveldi komu þeir heim, hirðmenn hans ok bændr, ok kváðusk hafa haft mikti erfiði ok ekki á leið komit ok segja, at þar myndi aldri vegr yfir komask eða leggjask ok váru þar aðra nótt, ok var konungr á bænum sínum alla nótt. Ok þegar konungr fann at dagaði, þá bað hann menn að fara til urðar ok freista enn, ef þeir gæti vögnum yfir komit.“ Nokkru síðar „fór konungr til Sefsurðar þar sem þeir skyldu veginn ryðja.“ En er hann kemur þar „þá sátu þeir allir ok váru móðir orðnir af erfiði. Þá mælti Brúsi: „ek sagða yðr, konungr, ok vilduð þér eigi trúá mér, at ekki mátti vinna at urð þessari.“ Síðan lagði konungr niður skikkju sína og mælti, „at þeir skyldu til fara allir ok freista enn; ok var svá gjört; ok færðu þá Stein XX (tuttugu) menn þannig sem þeir vildu, er engan veg gátu áður hrært C (120) manna, ok var vegrinn ruddur at miðjum degi svá at fært var bæði mönnum ok hrossum með klyfjum, eigi verr en á sléttum velli.“

III

Hér er sagt frá kraftaverki Ólafs konungs helga, og maðurinn sem segir frá, Snorri Sturluson, hefir lýst því yfir, að hann vildi ekki „á bækur setja vitnislausar sögur.“ Vitnar hann og í lok þessarar frásagnar í Ara fróða „er bæði var sannsögull, minnugr ok svá gamall at hann mundi þá menn ok hafði sögur af hafðar, er samtiða höfðu verið þessum viðburðum.“ Munu þeir sem kunna að meta þann sannsöglisanda sem ræður í hinum bestu sögum Íslendinga, hugsa sig vel um, áður þeir lýsi lygi það sem þar segir. En í pýramídanum mikla eru björgin sjálf til vitnis, er svo eru

stór, að þau mundu þykja lítt viðráðanleg jafnvel byggingameisturum nútímans, er eiga yfir að ráða stálörmum þeim er þyngri byrðum geta lyft en mörg hundruð manna hendur.

Yfirláttúrlega hafa menn nefnt slíka þætti náttúrunnar, sem þeir höfðu ekki öðlast þekkingu á. Þannig töldu menn t. d. á 17. og jafnvel á 18. öld, yfirláttúrlega ýmsa rafmagnsfyrirburði sem eldgosum eru samfara. Og eins mun reynast um orku þá sem um er að ræða, þegar Ólafur konungur og menn hans ruddu Sefsurð, eða pýramídinn mikli var reistur. Svo er helst að sjá, sem slíkar aflraunir hafi tekist, af því að björg þau sem fengist var við, eins og misstu nokkuð af þyngd sinni eða léttust.

IV

Til þess að skilja þetta nokkru nánar, er býsna fróðlegt að veita því eftirtekt, að einn sá maður sem af mestum ágætum hefir reynt að lýsa fullkomnara mannfélagi en enn hefir til verið hér á jörðu, Godfrey Sween (Macmillan Brown), hefir í bók sinni Limanora eða Framfaraeyjan, sagt frá því hversu það fólk sem þá eyju byggir, kann að svipta hlutina þyngd sinni. Þeir reisa t. d. ekki hús þar sem þau eiga að standa, heldur á sérstökum húsasmíðastöðvum, þar sem öll þau hljóð sem fram koma við smíðina, eru svo samstillt, að ekki verður af hávaði, heldur hinn fugurstí söngur; en þegar húsin eru fullgerð, eru þau hafin upp og látin líða í loftinu þangað sem þeim er ætlaður staður. Minnir þetta á söguna af höll Aladdins, sem andi lampans gat flutt úr einni heimsálfu í aðra, og á aðra sögu ennþá frægari, af borginni helgu, hinni nýju Jerúsalem „sem stígur niður af himni, frá Guði“ (þ. e. frá fullkomnari verum sem eitthvert hálendi byggja) og niður til mannheima. Það er að misskilja mannlegt eðli frá rótum, að ímynda sér, að slíkar sagnir og trúarhugmyndir séu án alls sambands við veruleikann í heimi, þar sem hvirfingar 100 000 milljóna sólna eru aðeins sem öragnir miðað við hina miklu smíð alheimsins.

V

Þegar skilja skal þann sannleik sem í kraftaverkasögum felst, verður að minnast þess, að lífinu er ætlað að ná fullkomlega tökum á öllum möguleikum orku og efnis. En leiðin til þess að það geti orðið, er aukning þekkingar. Gott dæmi er sú aukning þekkingar sem heitir rafmagnsfræði. Hefir hún eigi einungis orðið til þess að færa út og dýpka skilning mannanna á efni og orku, heldur einnig kennt þeim ráð til að ná svo miklu meiri tökum en áður á náttúrunni, að heita má að til gjörbreytingar hafi leitt á högum mannkynsins. Þá má enn nefna þann vísindaauka, sem af því hefir hlotist, að mönnum skildist hversu líkamir jurta og dýra eru gerðir af óteljandi örsmáum frumögnum er þeir nefna cellur (frumur). En þó hefir ekki framförin í líffræði orðið líkt því eins mikil og í þekkingunni á hinni líflausu náttúru. Biodynamik eða lífaflfræði mætti nefna þá þekkingu sem svo mikil þörf er á, og svo mjög mikils ætti að mega vænta sér af. Er nú þegar ljóst, að þar muni sumt vera með sama svip og í raffræði og rafsegulfræði, en sumt þó aftur ólíkt og miklu margbrotnara. Meðal þess sem óhætt er að gera ráð fyrir er, að tala má um lífaflsvæði, og að á slíku aflsvæði geta furðulegir atburðir gerst. Og í þá átt er að leita skýringarinnar á kraftaverkunum. Sambeiting og samstilling mætti nefna skilyrði fyrir framkomu slíkra aflsvæða. Hinir fyrstu foreldrar mannkynsins voru örsmáar lífkvoðuagnir, nánast jurtakyns, sem juku þannig kyn sitt, að þær skiptust; skildu svo helmingarnir og uxu uns þeir höfðu stærð foreldrisins og skiptust síðan. Gekk svo koll af kolli, um ótaldar aldir. En þó kom þar, að hlutarnir fóru að hanga saman eftir skiptinguna og skildu ekki. Varð þetta með æ margbreyttara móti, svo að fram komu á milljónum alda, milljónir tegunda af dýrum og jurtum. Var maðurinn ein sú lífategund er í síðasta lagi kom fram, svo að ekki er nema 1—2 milljónir ára síðan. Er á þetta vikið til þess að vekja athygli á því hversu geisistórfelldar hafa orðið afleiðingar þess, að hinar örsmáu lífagnir héldu ekki áfram að lifa í einangrun, heldur lögðu saman í milljónatali í samsetta einstaklinga, fjölfrumung-

ana. En þar með er þó enganveginn þessari samstillingar og sambeitingartilraun lokið. Fjölfrumungarnir halda henni áfram. Mannkyn vorrar jarðar er skammt komið í þessu efni, en þó bregður fyrir ýmsu því, er vakið geti hjá oss nokkra hugmynd um hvað orðið gæti. Ólafur helgi Noregs-konungur var grimmur harðstjóri, sem kúgaði menn vægðarlaust til fylgis við sig, og unnu þeir undir hans forustu, mjög að sama marki. Við það skapaðist afslvæði það er til kraftaverkanna leiddi og til þess sambands hans við lengra komnar verur, er ýmislegt stórfróðlegt segir af í Heimskringlu. En hversu traust á einhverjum foringja, eða fylgi við hann, er nauðsynlegt til kraftaverka, kemur vel fram í því sem segir um þann kraftaverkamanninn sem frægastur er allra, að í borginni þar sem hann var upp vaxinn, gat hann engin kraftaverk gert, af því að þar trúðu menn ekki á hann. (Sbr. kaflann „Saga Jesú“ í Framnýal). Til skýringar á því kraftaverki sem pýramídinn mikli virðist vera, verður þá einnig að hafa í huga, að þar voru tugir þúsunda undir forustu manna sem þeir hlýddu skilyrðis-laust, kúgaðir til að beita huga og höndum að sama tak-marki. Þannig löguð afslvæði eru nú að vísu ekki vel til komin, og verða aldrei eins fullkomin og vera þarf. Hið rétta er, að menn sambeiti kröftum sínum af fullum skilningi og frjálsum vilja. Leiðir slíkt til því merkilegri tíðinda, sem hærra og göfugra mark er sett. Og það má segja það örugg-lega fyrir, að ef tugir þúsunda manna hér á landi, samstilltu huga og athafnir, af nægilegri einlægni og nægilegu trausti, að réttu marki, þá mundu afleiðingarnar verða hinar furðu-legustu, og að vísu svo, að hinar fögru spár Eggerts Ólafssonar, Jónasar Hallgrímssonar, Williams Morris og Adams Rutherfords um framtíð Íslands, mundu rætast, og jafnvel framyfir það. En hinsvegar þarf ekki að efa, að sundurlyndi og fylgisleysi við hinn íslenska málstað — sem er skilningurinn á því þjóðarhlutverki, sem þeir víkja að í spám sínum, Morris og Rutherford — mundi hafa hin herfilegustu áhrif á alla vegnan þjóðarinnar. En hlutverk íslensku þjóðarinnar má segja, að sé fyrst og fremst það, að greiða fyrir skilningi

á því, að einungis samtaka mannkyn — samtaka í því sem gott er — getur náð því takmarki sem því er ætlað að ná, en það er að hverfa af helvegi og komast á hina sönnu lífsins leið. Það er af því, að slikt gæti nú tekist, sem stærri tíma-mót eru nú í sögu mannkynsins, en nokkru sinni hafa verið áður. Og það er af því, að þeim sannindum, sem nauðsynleg eru til þess að hin rétta stefna geti orðið tekin, er ekki nægilega gaumur gefinn, sem nú gerast herfilegri tíðindi en orðið hafa áður í sögu mannkynsins. Og er þó hins verra eftir von, ef svo verður haldið fram stefnunni sem nú er.

11. nóv. 1940.

EFTIRMÁLI

Ritgerð eftir Sidney M. Katz, sem kom í sdbl. Vísis 2. febr. sl., er einkar vel fallin til að auka aðdáun vora á Adam Rutherford. Grein þessi sem heitir: „Valdataka Ísraelsmanna. Hverjir eru Bresku-Ísraelítarnir og hvað er takmark þeirra?“ gefur góða hugmynd um það, hversu voldug hreyfing þessi er, og hversu alfjarri íslenska þjóðin virðist þar vera. Og svo kemur allt í einu merkilegasti rithöfundur þessarar hreyfingar — þó að hann sé ekki nefndur á nafn í grein Katz — og segir: Íslenska þjóðin er oss ómissandi. Hin litla íslenska þjóð verður að hafa forystu, ef hafist á að geta hin nýja öld, sem svo mjög hefir verið þráð og fyrir spáð. Það sem Rutherford segir, og eins William Morris, þó að með nokkuð öðrum orðum sé, er í rauninni þetta, að spádómarnir um endurkomu Krists muni rætast á Íslandi. Og verður þar þó við að bæta, því sem hin stórmérka þýska völva, frú de Ferriëm hefir skýrt og skorinort tekið fram, bæði í bundnu máli og óbundnu, að sá sem koma mun, sé ekki Kristur, og því í raun réttri ekki um neina endurkomu að ræða. Annað mál er, að ég er ekki í neinum vafa um það, að endurkoma Krists mun eiga sér stað eftirá, þegar komið er í það horf, að þeir sem héðan af jörð eru fram liðnir, geta farið að koma í heimsókn til „gamla landsins“ eins og Winwood Reade sagði að verða mundi. Sbr. kaflann um W. R. í Framnýal.

2. mars 1941.